

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



Reykjavík 19. ágúst 2015
UST201507-154/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. ÓslandAðalskipulag - breyting - Ósland

Vísað er til erindis bæjarstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 22. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Óslandi.

Tillaga að breytingu felst í því að iðnaðarsvæði I6 er skilgreint innan hafnarsvæðis í Óslandi. Einnig er svæði fyrir verslun og þjónustu skilgreint við nýjan Óslandsveg sunnan Ásgarðs á svæði sem er opið svæði í núgildandi aðalskipulagi.

Iðnaðarsvæði I6

Fram kemur í breytingartillögunni að á hafnarsvæði er snýr að Óslandi er áætluð iðnaðarlóð, en markmið er að byggja þar skólþælustöð með tilheyrandi skólþútrás. Þar sem hafnarsvæðið þar sem skólþælustöð mun rísa snýr að fólkvanginum Óslandi er mikilvægt að framkvæmdir verði felldar að umhverinu svo ekki verði neikvæð sjónræn áhrif.

Friðlýst svæði, fólkvangur í Óslandi

Markmið með friðlýsingu vesturhluta Óslands er að tryggja svæði til útivistar og útikennslu í náttúrufræðum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Einnig er markmiðið að tryggja verndun sérstakra jarðmyndana og fjölbreytts fuglalífs. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að innan fólkvangs hljótist ekki rask vegna áætlaðra framkvæmda.

Umhverfisáhrif


Umhverfisstofnun hefur farið yfir umfjöllun um umhverfisáhrif áætlaðrar skólphreinsistöðvar á Óslandssvæði. Umhverfisstofnun tekur undir að aukin hreinsun og lengri útrás munu stuðla að betra ástands fjara á svæðinu. Einnig tekur stofnunin undir að fylgjast þarf með efnastyrk við útrásarop og á nokkrum mælistöðum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ekki verði neikvæð sjónræn áhrif af framkvæmdum.


Nýtt verslunar- og þjónustusvæði við nýjan Óslandsveg

Í breytingartillögunni er áætlað að verslunar- og þjónustusvæði komi þar sem nú er opið svæði milli miðbæjarsvæðis á Hornafirði og fólkvangs í Óslandi. Þó verður enn grænt opið svæði milli nýja þjónustu- og verslunarsvæðis og fólkvangsins. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að aðkoma að fólkvangi í Óslandi skerðist ekki við ofangreinda breytingu.

Umhverfisstofnun bendir á að í umfjöllun um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar er talað um skólpdælustöð í Óslandi. Í greinargerð um matsskyldu fráveitu er talað um skólphreinsivirki. Þarna er að mati stofnunarinnar ósamræmi í texta.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur